

**AUGLÝSING****um umferð í Keflavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Klapparstígur frá Vallargötu að Kirkjuvegi verður lokaður allri bifreiðaumferð um óákveðinn tíma þar til öðruvisi verður ákveðið.

*Bæjarfógetinn í Keflavík, 29. maí 1974.*

**Alfreð Gíslason.**

**REGLUGERÐ****um holræsi og holræsagjöld í Stykkishólmi.****1. gr.**

Hreppsnefnd Stykkishólms hefur ein heimild til að leggja holræsi í Stykkishólmi, nema sérstaklega sé samið um aðra tilhögun.

**2. gr.**

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því í aðalæð. Sé um óeðlilega vegalengd að ræða ber sveitarsjóði að greiða kostnað frá lóðarmörkum.

**3. gr.**

Hreppsnefnd ræður menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er húseigendum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

**4. gr.**

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða sveitarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt við holræsakerfi hreppsins. Tengigjald þetta skal vera kr. 5 000.00 fyrir hverja íbúð í húsi. Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 12.00 á hvern rúmmetra. Húseigandi getur eigi krafist tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt eða um það hefur verið samið. Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald í sveitarsjóð, er nemi 0.1% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 500.00. Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum.

Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

**5. gr.**

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðarhafa á henni næstu 2 ár eftir

gjaldþaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Árlegur gjaldþagi holræsagjalda er 2. janúar ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum, sem renna í sveitarsjóð. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1974.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## **REGLUGERÐ**

### **um úthlutun olústyrks.**

1. gr.

Tekjum af gjaldi, sem lagt var á með lögum nr. 5/1974, skal varið til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða samkvæmt lögum nr. 47/1974 svo sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir tekjur af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., inn á reikning olíusjóðs hjá Seðlabanka Íslands. Viðskiptaráðuneytið ávísar síðan greiðslum úr olíusjóði til sveitarfélaga og rafveitna, sem teljast eiga rétt á olústyrk til að draga úr hækkun á hitunarkostnaði íbúða.

Greiðslurnar skulu inntar af hendi fyrir þriggja mánaða tímabil í senn, marsmaí 1974, júní-ágúst 1974, september-nóvember 1974 og desember 1974 — febrúar 1975. Upphæð styrksins til einstaklings og einstakra rafveitna er ákveðinn fyrir hvert tímabil og miðast við stöðu olíusjóðsins þá og fjölda þeirra, sem styrks njóta.

3. gr.

Jafnskjótt og sveitarfélögum hafa borist greiðslur vegna olústyrks skulu þau úthluta olústyrk til þeirra íbúa, sem heimilisfastir eru í viðkomandi sveitarfélagi og nota olíu til hitunar íbúða sinna. Greiðist sama upphæð á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun. Olústyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings vegna þeirra sjálfra. Olústyrkur skal ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.